

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 473/1997.

Ingibjörg Konráðsdóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Helgu Sigríði Hannesdóttur

(Tómas Jónsson hrl.)

Kærumál. Aðild. Fyrirsvar. Lögráðamenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramenn Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1997, þar sem máli sóknaraðila gegn varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Meðal gagna málsins er bréf sýslumannsins á Sauðárkróki 12. september 1995 þess efnis, að varnaraðili hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Hauk Þorsteinsson, sem lést 21. september 1993. Er hún því réttur aðili að málinu.

Sóknaraðili, sem fædd er árið 1905, hefur dvalist á Sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki frá árinu 1987. Rögnvaldur Þorsteinsson, sonur sóknaraðila, var skipaður lögráðamaður hennar með bréfi sýslumannsins á Sauðárkróki 11. júlí 1996. Rögnvaldur tók að annast fjármál hennar eftir lát bróður síns, Hauks Þorsteinssonar, sem hafði farið með fjárreiður móður þeirra fram að andláti sínu. Í stefnu til héraðsdóms heldur lögráðamaðurinn því fram, að fljótlega eftir að hann hafi tekið við umsjón með fjárreiðunum, hafi hann orðið þess áskynja, að móðir hans var verr stödd fjárhagslega en hann hafði ætlað.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 kemur lögráðamaður

fram sem fyrirvarsmáður ólögráða manns, sem á aðild að máli og brestur hæfi til að ráðstafa sakarefninu. Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, höfðaði lögráðamaður sóknaraðila málið fyrir hennar hönd. Stendur 36. gr. lögræðis laga nr. 68/1984 því ekki í vegi, eins og aðstæðum hér er háttað. Enda þótt Rögnvaldur sé einn lögerfingja sóknaraðila, verður ekki talið, að það leiði til þess, að skipa verði sérstakan lögráðamann til þess að fara með mál þetta. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kærúmálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Helga Sigríður Hannesdóttir, greiði sóknaraðila, Ingibjörgu Konráðsdóttur, 40.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1997.

Mál þetta, sem þingfest var 17. apríl sl., var tekið til úrskurðar 23. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi um kröfu stefnda um frávísun málsins.

Stefnandi er Rögnvaldur Þorsteinsson, kt. 120336-3989, Esjubraut 18, Akranesi, sem lögráðamaður Ingibjargar Konráðsdóttur, kt. 040605-2829, Sjúkrahúsi Saudárkróks, en stefnda Helga Sigríður Hannesdóttir, kt. 010234-7519, Jöklaseli 23, Reykjavík, vegna dánarbús Hauks Þorsteinssonar, kt. 140332-4039.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða 526.160,04 kr. með [nánaar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu [...].

Stefnda krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað skv. mati réttarins og dæmdur verði virðisaukaskattur á málflutningsþóknun, þar sem stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og að málið hljóti efnismeðferð. Hann krefst og málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefndu í þessum þætti málsins og þannig, að við ákvörðun máls-

kostnaðar verði tekið mið af skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af þóknun lögmanns.

Stefnda styður frávísunarkröfu sína því, að stefnandi hafi enga heimild og ekkert umboð til að höfða dómsmál fyrir hönd Ingibjargar Konráðsdóttur sem lögráðamaður hennar. Ekki hafi verið lagt fram umboð frá öðrum erfingjum Ingibjargar Konráðsdóttur vegna málshöfðunar þessarar. Til að höfða dómsmál sé nauðsynlegt að fá samþykki yfirlögráðanda, en það liggja ekki fyrir. Ljóst sé, að Rögnvaldur Þorsteinsson hafi höfðað mál þetta á sitt eindæmi án nokkurra heimilda og án nokkurs umboðs. Engin yfirlýsing hafi verið lögð fram um ábyrgð á hugsanlegum málskostnaði, sem á Ingibjörgu Konráðsdóttur gæti fallið, og ljóst sé, að Rögnvaldur Þorsteinsson hafi ekki heimild sem lögráðandi að skuldbinda Ingibjörgu, hvað þetta varðar, a. m. k. ekki án heimildar yfirlögráðanda.

Vísaði lögmaður stefnda til nýrra lögræðislaga, er taka gildi 1. janúar nk., í málflutningi sínum, en þar segir í 3. mgr. 69. gr., að um fjárhald ófjárráða manns þurfi samþykki yfirlögráðanda til allra ráðstafana, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar miðað við efni hins ófjárráða. Hann taldi engum vafa undirorpið, að efnahagur Ingibjargar Konráðsdóttur væri með þeim hætti, að þessi málarekstur teldist mikils háttar ráðstöfun í skilningi laganna.

Stefnda telur, að færi svo, að yfirlögráðandi gæfi samþykki sitt til að höfða dómsmál út af ætluðu bótaskyldu tjóni, er Haukur Þorsteinsson heitinn hafi með ætluðum saknæmum og ólögmætum hætti valdið Ingibjörgu, móður sinni, beri skv. 28. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 að skipa sérstakan lögráðamann til að reka málið fyrir Ingibjörgu Konráðsdóttur, þar sem Rögnvaldur, sonur hennar, hafi sem lögerfingi hennar eigin hagsmuna að gæta í því máli.

Af hálfu stefnanda er vísað á bug málsútlitun stefndu og bent á ákvæði 3. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, en þar segir, að lögráðamaður komi fram sem fyrirvarsmaður ólögráða manns, sem á aðild að máli og brestur hæfi til að ráðstafa sakarefninu. Þá er bent á, að lögráðamaður ófjárráða manns ráði fyrir fé hans, nema lög mæli á annan veg, sbr. 32. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Með öðrum orðum sé það aðalregla, að lögráðamaður stýri fjármálum hins ófjárráða nema í sérstökum undantekningartilvikum, sem vitaskuld beri að skýra þröngt.

Stefnandi telur, að málshöfðun eins og þessi megi vel fram fara, án þess að samþykki yfirlögráðanda liggja fyrir. Þá sé um seinan nú fyrir stefndu að hyggja að því, að vera megi, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar; hún hafi við þingfestingu málsins haft tækifæri til að krefjast þess, að stefnandi setti tryggingu.

Niðurstaða.

Samkvæmt 36. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 skal lögráðamaður leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhald hins ófjárráða, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar. Málsókn, eins og hér um ræðir, getur ekki talist venjuleg ráðstöfun, sem lögráðamaður ófjárráða manns geti bundið hinn ófjárráða við án samþykkis yfirlögráðanda. Þegar af þeirri ástæðu, að lögráðamaður Ingibjargar Konráðsdóttur hefur ekki leitað samþykkis yfirlögráðanda til að höfða þetta mál fyrir hennar hönd, verður að vísa því frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
